

Frá Ferðafélaginu Norðurslóð

Til félagsmanna:

Nú eru síðustu forvöð að eignast árbók FÍ áður en óseldar bækur verða endursendar.

Árbókin fjallar að þessu sinni um Skagafjörð austan Vatna - Frá Hjaltadal að Úlfsdölum. Með þessari árbók lýkur þriggja binda umfjöllun Páls Sigurðssonar prófessors og fyrrum forseta Ferðafélagsins um Skagafjörð. Fyrsta bindi, Skagafjörður vestan Vatna – Frá Skagatá að Jökli, kom út 2012 og annað bindi, Skagafjörður austan Vatna – Frá Jökli að Furðuströndum, kom út 2014.

Árgjald Ferðafélagsins 2016 er **7.400 kr.** Innifalið í því er árbókin. Þeir sem **EKKI** vilja fá bókina greiða helming árgjaldsins, eða **3.700 kr.**

Einnig er innifalið í gjaldinu skírteini ferðafélagsins, sem veitir afslátt í ferðir og skála ferðafélaganna og fjölda verslana.

Félagsmenn eru beðnir að greiða félagsgjaldið inn á reikning 179-05-401276, kt. 520609-1640.

Sendið tilkynningu á ffnordurslod@simnet.is þegar greitt er.

Upphæðin segir til um hvort fólk vill bók eður ei.

Þökk sé þeim sem þegar hafa greitt.

Ferðafélagið Norðurslóð



Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
37. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 21. september 2016



Hraunhöfn á laugardaginn

Næsta ganga á vegum Ferðafélagsins Norðurslóðar verður næstkomandi laugardag, 24. september.

Gengið verður að Hraunhafnarvita norðan við Raufarhöfn.

Mæting við afleggjarann kl. 11:00.

Á Raufarhöfn verður sameinast í bíla við stjórnsýsluhúsið kl. 10:45.

Þetta er létt og skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna.

Á laugardagskvöldið er svo upplagt að mæta á fyrirtækja-barsvar á Félaganum á Raufarhöfn.

Gangan er upptaktur að menningarhátíð á Raufarhöfn, sem stendur alla næstu viku og endar með hrútadegi þann 1. október.

Skegla

Skegla kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skegla kemur næst út miðvikudaginn 28. september 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.